

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 678/2011

2012/EES/67/30

frá 14. júlí 2011

um að skipta út II. viðauka og um breytingu á IV., IX. og XI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽¹⁾, einkum 2. og 3. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2007/46/EB er komið á samhæfðum ramma sem inniheldur stjórnsýsluákvæði og almennar tæknilegar kröfur vegna allra nýrra ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga. Einkum inniheldur hann sérstækar skilgreiningar varðandi ökutæki sem eru nauðsynlegar fyrir eðlilega starfsemi evrópska gerðarviðurkenningarkerfisins.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2007/46/EB er að rýmka evrópska gerðarviðurkenningarkerfið fyrir ökutæki þannig að það nái til allra flokka ökutækja. Breyta þarf II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, sem inniheldur nauðsynlegar sérstækar skilgreiningar, svo að tekið sé tillit til tækniframfara. Því er nauðsynlegt að breyta gildandi skilgreiningum eða setja fram nýjar skilgreiningar.
- 3) Reynslan sýnir að gildandi viðmiðanir fyrir ákvarðanir á því hvort ný tegund ökutækis skuli teljast ný gerð eru of óljósar. Þessi óvissa getur tafið fyrir framkvæmd nýrra krafna sem mælt er fyrir um í löggjöf ESB að því er varðar nýjar gerðir ökutækja. Enn fremur sýnir reynslan að það er hægt að sniðganga löggjöf ESB um litlar framleiðsluraðir með því að skipta ökutækjagerð í nokkrar undirgerðir með mismunandi gerðarviðurkenningu. Af þessum sökum getur fjöldi nýrra ökutækja, sem tekin eru í notkun í Evrópusambandinu samkvæmt fyrirkomulaginu um litlar framleiðsluraðir, orðið meiri en leyfilegt er. Því er mikilvægt að tilgreina hvaða tæknilega eiginleika ökutækja skuli nota sem viðmiðanir við ákvörðun á hvað teljist ný gerð.

- 4) Í samræmi við meginreglurnar sem bundnar eru í orðsendingunum frá framkvæmdastjórninni, sem bera yfirskriftina aðgerðaáætlunin „Einföldun og umbætur á lagaumhverfinu“ ⁽²⁾ og aðgerðaáætlunin „Aðgerðaáætlun til að draga úr stjórnsýsluálagi í Evrópusambandinu“ ⁽³⁾, er því rétt að endurskoða viðmiðanirnar sem nota skal við skilgreiningu á afbrigðum og útgáfum innan ökutækjagerðar með það fyrir augum að draga úr stjórnsýsluálagi sem lagt er á framleiðendur ökutækja. Enn fremur myndi þetta leiða til þess að gerðarviðurkenningarferlið yrði gagnsærra fyrir lögbær yfírvöld aðildarríkjanna.

- 5) Með hliðsjón af tilhneigingu til hnattvæðingar á sviði vélknúinna ökutækja verður vinna Alþjóðaráðsins um samhæfingu reglugerða um ökutæki, vinnuhóps 29 (World Forum for Harmonisation of Vehicle Regulations – „the Working Party 29 (WP.29)“) sífellt mikilvægari. Nauðsynlegt er að bregðast við tilmælum nefndar háttsettra embættismanna, CARS 21, um að taka upp reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu í löggjöf ESB eða jafnvel að skipta út tilskipunum eða reglugerðum ESB fyrir reglugerðir efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu ásamt því að taka upp heildartæknireglugerðir í löggjöf ESB og því ætti að tryggja samræmi löggjafar ESB við reglugerðir efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu.

- 6) Með hliðsjón af þeirri samhæfingarvinnu sem fer fram á vettvangi Alþjóðaráðsins um samhæfingu reglugerða um ökutæki er nauðsynlegt að taka tillit til nýjustu þróunar sem kveðið er á um í samþykkt R.E. 3 um flokkun og skilgreiningu aflknúinna ökutækja og eftirvagna innan ramma samnings efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og skilyrðin fyrir gagnkvæmri viðurkenningu sem er veitt á grundvelli þessara forskrifta (endurskoðaður samningur frá 1958), og einnig sérsamþykkt S.R. 1 varðandi sameiginlegar skilgreiningar á ökutækjaflokkum, massa og málum, innan ramma samnings efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu varðandi setningu heildartæknireglugerða fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum („Samhliða samningurinn“ frá 1998). Aðeins er hægt að tryggja eðlilega starfsemi evrópska gerðarviðurkenningarkerfisins ef tekið er tillit til þessarar þróunar í rammatilskipuninni. Því er nauðsynlegt að innleiða nýjar viðmiðanir fyrir ákvörðun á því hvort gerð ökutækis skuli sett í flokk M eða N.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 16.

(1) Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

(2) COM(2002) 278, lokagerð.

(3) COM(2007) 23, lokagerð.

- 7) Aðildarríki er skylt að halda skrá með gögnum um m.a. gerð, afbrigði og útgáfu hvers einstaks ökutækis að því er varðar sértæka losun koltvísýrings fyrir hvert nýtt ökutæki sem skráð er á yfirráðasvæði þess í samræmi við 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samræmdri nálgun Bandalagsins til þess að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum⁽¹⁾. Það er nauðsynlegt að tilgreina viðmiðanirnar sem farið skal eftir þegar létt ökutæki eru gerðarviðurkennd sem ökutæki í flokki M eða N. Þessar viðmiðanir skulu vera hlutlægar og vera framleiðendum ökutækja og einnig gerðarviðurkenningar- og skráningaryfirvöldum til leiðsagnar. Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 skal tilgreina hvort nýsköpunartækni, sem miðar að enn frekari minnkun á losun koltvísýrings, sé fyrir hendi. Þessu ætti að ná fram með kóða sem framleiðandinn úthlutar ökutækinu þannig að hver gerð/afbrigði/útgáfa samsvarar sérstakri nýsköpunartækni. Þannig skal vera hægt að auðkenna þessa nýsköpunartækni með skilgreiningu á gerð/-afbrigði/útgáfu. Því er rétt að bæta samsvarandi færslu við í II. viðauka tilskipunar 2007/46/EB.
- 8) Þar sem tilgreina þarf gerð yfirbyggingar í samræmisvottorðinu, sem er ætlað að greiða fyrir skráningu nýrra ökutækja í aðildarríkjunum, myndi notkun samræmdra kóða fyrir hverja gerð yfirbyggingar einfalda skráningarferlið. Skrá með viðeigandi kóðum skal úthlutað fyrir mismunandi tegundir yfirbygginga svo að hægt sé að gera gagnavinnslu sjálfvirka.
- 9) Þar sem eftirvagnar sem eru hannaðir sérstaklega fyrir óvenjulega flutninga geta ekki uppfyllt öll ákvæði þeirra stjórnsýslufyrirmæla sem talin eru upp í IV. viðauka tilskipunar 2007/46/EB og skylt er að uppfylla að því er varðar evrópska gerðarviðurkenningu, er viðeigandi að bæta þessum eftirvögnum við flokk ökutækja til sérstakra nota með hliðsjón af tæknilegum eiginleikum þeirra. Mæla skal fyrir um einfaldari reglur að því er varðar gerðarviðurkenningu svo að hægt sé að veita þeim gerðarviðurkenningu á evrópskum vettvangi. Af þessum sökum er nauðsynlegt að bæta nýjum viðbæti við XI. viðauka tilskipunar 2007/46/EB.
- 10) Unnið er að þróun nýrrar tækni í því skyni að mæta kröfum um nýjar lausnir í vöruflutningum. Það er því nauðsynlegt að taka upp nýjar skilgreiningar í rammalöggjöfina svo að hægt sé að mæla fyrir um viðeigandi tæknireglur síðar í viðkomandi stjórnsýslufyrirmælum sem skráð eru í IV. til XI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB. Mikilvægt er að gera það ljóst að ekki skuli veita EB-gerðarviðurkenningar fyrir slík ökutæki fyrr en löggjöfinni um gerðarviðurkenningu er breytt í þeim tilgangi.
- 11) Mistök voru gerð við samþykkt tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB frá 9. mars 2010 um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum varðandi hjól- og aurlífabúnað á tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, á tilskipun ráðsins 91/226/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB⁽²⁾ þar sem IV. og XI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB var einnig breytt með þeirri tilskipun. Þessum viðaukum hafði þegar verið skipt út með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1060/2008 frá 7. október 2008 um að skipta út I., III., IV., VI., VII., XI. og XV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun)⁽³⁾. Í þágu réttarvissu ætti því framvegis aðeins að setja fram breytingar á hlutum þessara viðauka með reglugerð. Þar sem samsvarandi 2. gr. tilskipunar 2010/19/ESB hefur verið felld brott með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/415/ESB frá 14. júlí 2011 um leiðréttingu á tilskipun 2010/19/ESB um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum varðandi hjól- og aurlífabúnað á tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, á tilskipun ráðsins 91/226/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB að því er varðar breytingu á viðaukunum við tilskipun 2007/46/EB⁽⁴⁾ í því skyni að leiðrétta mistök þykir viðeigandi að framkvæma breytingarnar sem áður fólust í þeirri grein með þessari reglugerð.
- 12) Það er viðeigandi með tilliti til þess að tryggja rétta beitingu gerðarviðurkenningarkerfisins að uppfæra viðaukana við tilskipun 2007/46/EB í því skyni að laga þá að framförum á sviði vísinda og tækni.
- 13) Einnig er viðeigandi að uppfæra viðaukana við tilskipun 2007/46/EB í því skyni að mæla fyrir um tæknilegar kröfur fyrir ökutæki til sérstakra nota sem á að veita gerðarviðurkenningu.
- 14) Þar sem ákvæði þessara viðauka eru nægilega nákvæm og þarfnast ekki frekari lögleiðingarráðstafana af hálfu aðildarríkjanna er því viðeigandi að skipta út II. viðauka og breyta IV., IX. og XI. viðauka með reglugerð í samræmi við 8. mgr. 39. gr. tilskipunar 2007/46/EB.
- 15) Því ber að skipta út II. viðauka og breyta IV., IX. og XI. viðauka til samræmis við það.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 72, 20.3.2010, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 292, 31.10.2008, bls. 1.

⁽⁴⁾ Sjá bls. 76 í þessum Stjórnartíðindum.

- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

- 1) í stað II. viðauka komi textinn sem settur er fram í I. viðauka við þessa reglugerð,
- 2) ákvæðum IV. viðauka er breytt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa reglugerð,
- 3) ákvæðum IX. viðauka er breytt eins og fram kemur í III. viðauka við þessa reglugerð,
- 4) ákvæðum XI. viðauka er breytt eins og fram kemur í IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Með þessari reglugerð eru hvorki felldar úr gildi gerðarviðurkenningar ökutækja sem veittar voru fyrir 29. október 2012 né komið í veg fyrir rýmkun slíkra viðurkenninga.

3. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir um nýjar gerðir ökutækja sem hljóta viðurkenningu frá og með 29. október 2012.

Hins vegar skulu kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka og í 1. og 2. lið IV. viðauka gilda frá 9. apríl 2011.

2. Þrátt fyrir aðra undirgr. 1. mgr. er framleiðendum heimilt frá og með 4. ágúst 2011 að beita ákvæðum þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 14. júlí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

ALMENNAR SKILGREININGAR, VIÐMIÐANIR FYRIR FLOKKUN ÖKUTÆKJA, GERÐIR ÖKUTÆKJA OG GERÐIR YFIRBYGGINGA

INNGANGSHLUTI

Almennar skilgreiningar og almenn ákvæði**1. Skilgreiningar**

1.1. „*sætisrými*“: sérhver staður sem rúmar sitjandi einstakling sem er að minnsta kosti jafn stór og:

- a) mannslíkan sem samsvarar 50. hundraðshlutamarki karla ef um er að ræða ökumann,
- b) mannslíkan sem samsvarar 5. hundraðshlutamarki kvenna, í öllum öðrum tilvikum.

1.2. „*sæti*“: grind með áklæði, sem er ýmist hluti af yfirbyggingu ökutækis eða ekki, sem er ætluð sem sæti fyrir einn einstakling.

1.2.1. Hugtakið „*sæti*“ tekur bæði til staks sætis og bekkisætis.

1.2.2. Fellisæti og sæti sem hægt er að fjarlægja falla undir þessa skilgreiningu.

1.3. „*vörur*“: fyrst og fremst hlutir sem hægt er að flytja.

Undir hugtakið „*vörur*“ falla vörur í lausri vigt, framleiðsluvörur, vökvar, lifandi dýr, uppskera, óskiptanlegur farmur.

1.4. „*hámarksmassi*“: tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu, eins og tilgreint er í lið 2.8 í I. viðauka.

2. Almenn ákvæði**2.1. Sætafjöldi**

2.1.1. Kröfurnar varðandi sætafjölda gilda um sæti sem eru hönnuð til notkunar þegar ökutækinu er ekið á vegi.

2.1.2. Þær gilda ekki um sæti sem eru ætluð til notkunar þegar ökutækið er kyrrstætt og sem eru auðkennd með skýrum hætti fyrir notendur, annað hvort með tákmynd eða merki með viðeigandi texta.

2.1.3. Eftirfarandi kröfur gilda að því er varðar talningu á sætisrymum:

- a) hvert stakt sæti telst eitt sætisrými,
- b) ef um er að ræða bekkisæti skal hvert rými sem er a.m.k. 400 mm á breidd, mælt við sætisþúðann, teljast eitt sætisrými.

Þetta skilyrði kemur ekki í veg fyrir að framleiðandinn notist við almennu ákvæðin sem um getur í lið 1.1,

c) þó skal rými eins og um getur í b-lið ekki teljast sem eitt sætisrými ef:

- i. bekkisætið er gætt eiginleikum sem koma í veg fyrir að neðsti hluti mannslíkansins sitji eðlilega, s.s. fastur kassi fyrir stjórnborð, svæði án bólstrunar eða klæðning sem rýfur nafnyfirborð sætisins,
- ii. hönnun botnsins beint fyrir framan ætlað sæti (t.d. ef þar eru göng) kemur í veg fyrir að hægt sé að koma fótum mannslíkansins fyrir á eðlilegan hátt.

2.1.4. Að því er varðar ökutæki sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/85/EB frá 20. nóvember 2001 um sérákvæði fyrir ökutæki sem eru ætluð til farþegaflutninga og taka fleiri en átta manns í sæti auk ökumanns og um breytingu á tilskipunum 70/156/EBE og 97/27/EB⁽¹⁾ skal málið sem um getur í b-lið liðar 2.1.3 samræmt lágmarksrýminu sem þarf fyrir einn einstakling í mismunandi undirflokkum ökutækja.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 42, 13.2.2002, bls. 1.

- 2.1.5. Ef sætisfestingar fyrir sæti sem hægt er að fjarlægja eru til staðar í ökutæki skal sætið sem hægt er að fjarlægja talið með við ákvörðun á sætafjölda.
- 2.1.6. Rými sem ætlað er fyrir hjólastól í notkun skal teljast eitt sætisrými.
- 2.1.6.1. Þetta ákvæði er með fyrirvara um kröfurnar í liðum 3.6.1 og 3.7 í VII. viðauka tilskipunar 2001/85/EB.
- 2.2. Hámarksmassi
- 2.2.1. Ef um er að ræða dráttareiningu fyrir festivagn skal hámarksmassi festivagns sem dráttarstóllinn ber talinn með í hámarksmassanum sem notaður er til að flokka ökutækið.
- 2.2.2. Ef um er að ræða vélknúð ökutæki sem getur dregið eftirvagn með miðlægum ási eða tengivagn með ósveigjanlegt dráttarbeisli skal hámarksmassinn, sem flyst til dráttarþreifa um tengið, talinn með í hámarksmassanum sem notaður er til að flokka ökutækið.
- 2.2.3. Ef um er að ræða festivagn, eftirvagn með miðlægum ási og tengivagn með ósveigjanlegt dráttarbeisli skal hámarksmassinn sem notaður er til að flokka ökutækið samsvara hámarksmassanum sem yfirfærast á jörð af hjólum á ás eða áshópum þegar það er tengt við dráttarþreifa.
- 2.2.4. Ef um er að ræða hjólafléka skal hámarksmassi festivagns sem dráttarstóllinn ber talinn með í hámarksmassanum sem notaður er til að flokka ökutækið.
- 2.3. Sérstakur búnaður
- 2.3.1. Ökutæki sem einkum eru búnin föstum búnaði, s.s. vélbúnaði eða tækjum, skulu teljast vera í flokki N eða O.
- 2.4. Einingar
- 2.4.1. Nema annað sé tekið fram skulu allar mælieiningar og tákni sem tengjast þeim vera í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 80/181/EEB⁽¹⁾.
3. **Flokkun í ökutækjaflokka**
- 3.1. Framleiðandinn ber ábyrgð á flokkun ökutækjagerðar í tiltekinn flokk.
- Í þeim tilgangi skal uppfylla allar viðkomandi viðmiðanir sem lýst er í þessum viðauka.
- 3.2. Viðurkenningaryfirvald getur óskað eftir viðeigandi viðbótarupplýsingum frá framleiðanda í því skyni að sýna fram á að flokka þurfi gerð ökutækis sem ökutæki til sérstakra nota í sérhópnum (kóði SG).

A-HLUTI

Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja

1. Ökutækjaflokkar

Að því er varðar evrópska og landsbundna gerðarviðurkenningu, ásamt einstakri viðurkenningu, skal flokka ökutæki samkvæmt eftirfarandi flokkun:

(Litið er svo á að aðeins sé hægt að veita viðurkenningu fyrir flokkana sem um getur í liðum 1.1.1 til 1.1.3, 1.2.1 til 1.2.3 og 1.3.1 til 1.3.4.)

- 1.1. Flokkur M Vélknúin ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð einkum í þeim tilgangi að flytja fólk og farangur.
- 1.1.1. Flokkur M₁ Ökutæki í flokki M sem ekki eru í fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumanns.
- Ökutæki í flokki M₁ skulu ekki vera með rými fyrir standandi farþega.
- Heimilt er að takmarka fjölda sæta við eitt (þ.e. ökumannssæti).

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi, EB L 39, 15.2.1980, bls. 40.

- 1.1.2. Flokkur M₂ Ökutæki í flokki M sem í eru fleiri sæti en átta til viðbótar við sæti ökumanns og með hámarks massa ekki yfir 5 tonnum.
- Ökutæki í flokki M₂ mega vera með rými fyrir standandi farþega til viðbótar við sætin.
- 1.1.3. Flokkur M₃ Ökutæki í flokki M sem í eru fleiri sæti en átta til viðbótar við sæti ökumanns og með hámarks massa yfir 5 tonnum.
- Ökutæki í flokki M₃ mega vera með rými fyrir standandi farþega.
- 1.2. Flokkur N Vélknúin ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð í einkum þeim tilgangi að flytja vörur.
- 1.2.1. Flokkur N₁ Ökutæki í flokki N með hámarks massa ekki yfir 3,5 tonnum.
- 1.2.2. Flokkur N₂ Ökutæki í flokki N með hámarks massa yfir 3,5 tonnum en ekki yfir 12 tonnum.
- 1.2.3. Flokkur N₃ Ökutæki í flokki N með hámarks massa yfir 12 tonnum.
- 1.3. Flokkur O Eftirvagnar sem eru hannaðir og smíðaðir til að flytja vörur eða fólk og sem íverustaðir fyrir fólk.
- 1.3.1. Flokkur O₁ Ökutæki í flokki O með hámarks massa ekki yfir 0,75 tonnum.
- 1.3.2. Flokkur O₂ Ökutæki í flokki O með hámarks massa yfir 0,75 tonnum en ekki yfir 3,5 tonnum.
- 1.3.3. Flokkur O₃ Ökutæki í flokki O með hámarks massa yfir 3,5 tonnum en ekki yfir 10 tonnum.
- 1.3.4. Flokkur O₄ Ökutæki í flokki O með hámarks massa yfir 10 tonnum.

2. Undirflokkar ökutækja

2.1. Torfærutæki

„Torfærutæki“: ökutæki sem tilheyrir annað hvort flokki M eða N sem eru með tiltekna tæknilega eiginleika sem gerir kleift að nota þau utan venjulegra vega.

Fyrir þessa ökutækjaflokka skal bæta bókstafnum „G“ sem viðskeyti við bókstaf og tölustaf sem tilgreinir ökutækjaflokkinn.

Tilgreina skal viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í undirflokkinn torfærutæki í 4. lið A-hluta þessa viðauka.

2.2. Ökutæki til sérstakra nota

2.2.1. „Ökutæki til sérstakra nota“: ökutæki í flokki M, N eða O sem eru með tiltekna tæknilega eiginleika sem gerir kleift að framkvæma hlutverk sem þarfnast sérstaks fyrirkomulags og/eða búnaðar.

Fyrir ófullbúin ökutæki sem ætlað er að falli í undirflokk ökutækja til sérstakra nota skal bæta bókstafnum „S“ sem viðskeyti við bókstaf og tölustaf sem tilgreinir ökutækjaflokkinn.

Mismunandi gerðir ökutækja til sérstakra nota eru skilgreindar og taldar upp í 5. lið.

2.3. Torfærutæki til sérstakra nota

2.3.1. „Torfærutæki til sérstakra nota“: ökutæki sem tilheyrir annað hvort flokki M eða N og eru með þá tilteknu tæknilegu eiginleika sem um getur í liðum 2.1 og 2.2.

Fyrir þessa ökutækjaflokka skal bæta bókstafnum „G“ sem viðskeyti við bókstaf og tölustaf sem tilgreinir ökutækjaflokkinn.

Jafnframt skal fyrir ófullbúin ökutæki, sem ætlað er að falli í undirflokk ökutækja til sérstakra nota, bæta við bókstafnum „S“ sem seinna viðskeyti.

3. **Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í flokk N**
- 3.1. Flokkun ökutækjagerðar í flokk N skal gerð á grundvelli tæknilegra eiginleika ökutækisins eins og um getur í liðum 3.2 til 3.6.
- 3.2. Meginreglan er að rýmið eða rýmin þar sem öll sætin eru skuli vera aðskilin algerlega frá hleðslurýminu.
- 3.3. Þrátt fyrir kröfurnar í lið 3.2 má flytja fólk og vörur í sama rými með þeim skilyrðum að í hleðslurýminu sé festingarbúnaður sem er hannaður til að verja farþega gegn tilfærslu á farmi við akstur, þ.m.t. við skarpa hemlun og í beygjum.
- 3.4. Festingarbúnaður - búnaður til að binda niður farm - sem ætlaður er til að festa farm eins og kveðið er á um í lið 3.3 ásamt skilveggjum, sem ætlaður er ökutækjum allt að 7,5 tonnum, skal hannaður í samræmi við 3. og 4. lið ISO-staðals 27956:2009 "Road vehicles – Securing of cargo in delivery vans – Requirements and test methods".
- 3.4.1. Staðfesta má kröfurnar sem um getur í lið 3.4 með samræmisýfirlýsingu sem framleiðandinn veitir.
- 3.4.2. Framleiðandanum er, sem valkostur við kröfurnar í lið 3.4, heimilt að sýna viðurkenningaryfirvaldi fram á með fullnægjandi hætti að uppsettur festingarbúnaður veiti sambærileg vernd og kveðið er á um í staðlinum sem vísað er til.
- 3.5. Fjöldi sæta að frátöldu sæti ökumanns skal ekki vera meiri en:
- a) 6 ef um er að ræða ökutæki í flokki N₁,
- b) 8 ef um er að ræða ökutæki í flokki N₂ eða N₃.
- 3.6. Ökutækin skulu vera með farmflutningsgetu sem er jafn mikil eða meiri en geta til farþegaflutninga í kílóum.
- 3.6.1. Í þessu skyni skulu eftirfarandi jöfnur gilda í öllum útfærslum, einkum þegar setið er í öllum sætum:
- a) ef $N = 0$:
- $$P - M \geq 100 \text{ kg}$$
- b) ef $0 < N \leq 2$:
- $$P - (M + N \times 68) \geq 150 \text{ kg}$$
- c) ef $N > 2$:
- $$P - (M + N \times 68) \geq N \times 68$$
- þar sem merking skammstafana er sem hér segir:
- „P“ tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu,
- „M“ massi ökutækis, tilbúins til aksturs,
- „N“ fjöldi sæta, að frátöldu sæti ökumanns.
- 3.6.2. Massi búnaðar sem settur er á ökutækið til að bera varning (t.d. tankur, yfirbygging o.s.frv.), til að eiga við varning (t.d. krani, lyfta o.s.frv.) og til að festa varning (t.d. festingarbúnaður fyrir farm) skal talinn með í M.
- Massi búnaðar sem er ekki notaður í þeim tilgangi sem um getur hér að framan (s.s. loftdæla, spil, rafall, útsendingarbúnaður o.s.frv.) skal ekki talinn með í M að því er varðar beitingu á framangreindum jöfnum.
- 3.7. Uppfylla skal kröfurnar sem um getur í liðum 3.2 til 3.6 fyrir öll afbrigði og útgáfur ökutækjagerðar.
- 3.8. Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í flokk N₁.

- 3.8.1. Flokka skal ökutæki í flokk N_1 þegar allar viðeigandi viðmiðanir eru uppfylltar.
- Ef ein eða fleiri viðmiðanir eru ekki uppfylltar skal ökutækið flokkað í flokk M_1 .
- 3.8.2. Til viðbótar við almennu viðmiðanirnar sem um getur í liðum 3.2 til 3.6 skal uppfylla viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í liðum 3.8.2.1 til 3.8.2.3.5 að því er varðar flokkun ökutækja sem eru þannig að rýmið þar sem ökumaðurinn er og farmurinn eru í einni einingu (þ.e. yfirbygging „BB“).
- 3.8.2.1. Þótt veggur eða skilrúm sem aðskilur að fullu eða að hluta til, sé fest á milli sætisraðar og farmrýmis er samt sem áður skylt að uppfylla tilskildar viðmiðanir.
- 3.8.2.2. Viðmiðanirnar eru sem hér segir:
- lestun vara skal vera möguleg um aftari dyr, afturhlera eða hliðardyr, sem eru hannaðar og smíðaðar í þeim tilgangi,
 - ef um er að ræða aftari dyr eða afturhlera skal lestunaropið uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - ef ökutækið er búið aðeins einni sætaröð eða aðeins ökumannssæti skal lágmarkshæð lestunaropsins vera a.m.k. 600 mm,
 - ef ökutækið er búið tveimur eða fleiri sætaröðum skal lágmarkshæð lestunaropsins vera a.m.k. 800 mm og skal flatarmál opsins vera a.m.k. 12 800 cm²,
 - Farmrýmið skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

„farmrými“: sá hluti ökutækisins sem er fyrir aftan sætaröð/sætaraðir eða fyrir aftan ökumannssætið ef ökutækið er aðeins búið einu ökumannssæti,

 - hleðsluflöturinn í farmrýminu skal almennt vera sléttur,
 - ef ökutækið er búið aðeins einni sætaröð eða einu sæti skal lágmarkslengd farmrýmisins vera a.m.k. 40% af hjólhafinu,
 - ef ökutækið er búið tveimur eða fleiri sætaröðum skal lágmarkslengd farmrýmisins vera a.m.k. 30% af hjólhafinu.

Ef auðvelt er að fjarlægja öftustu sætaröðina úr ökutækinu án þess að nota sérstök áhöld skulu kröfur varðandi lengd farmrýmis uppfylltar þegar öll sætin eru í ökutækinu,

 - uppfylla skal kröfurnar varðandi lengd farmrýmis þegar sætin í fremstu röð eða öftustu röð, eftir því sem við á, eru upprétt í eðlilegri stöðu til venjulegra nota fyrir farþega ökutækisins.
- 3.8.2.3. Sérstök skilyrði fyrir mælingu
- 3.8.2.3.1. Skilgreiningar
- „Hæð lestunarops“: lóðrétt fjarlægð milli tveggja láréttra plana sem snerta annars vegar hæsta punkt neðri hluta dyragáttarinnar og hins vegar lægsta punkt efri hluta dyragáttarinnar,
 - „flatarmál lestunarops“: mesta flatarmál hornréttrar vörpunar af stærsta mögulega opi þegar aftari dyr eða afturhleri eru alveg opin á lóðrétt plan sem er hornrétt á miðlinu ökutækisins,
 - „hjólhaf“: að því er varðar beitingu jafnanna í liðum 3.8.2.2 og 3.8.3.1, fjarlægðin á milli:
 - miðlinu framássins og miðlinu annars ássins, ef um er að ræða ökutæki með tvo ása eða
 - miðlinu framáss og miðlinu sýndaráss, sem er jafn langt frá öðrum og þriðja ás, ef um er að ræða ökutæki með þrjá ása.

3.8.2.3.2. Sætisstillingar

- a) Stilla skal sætin í ystu stöðu aftur.
- b) Stilla skal sætisbakið, ef það er stillanlegt, þannig að hægt sé að koma fyrir þrívíðu H-punkts-tæki með horn bolsins í 25 gráðum.
- c) Sætisbakið, ef það er ekki stillanlegt, skal vera í stöðunni sem það er hannað í af framleiðanda ökutækisins.
- d) Ef hægt er að stilla hæð sætisins skal það stillt í lægstu stöðu.

3.8.2.3.3. Skilyrði að því er varðar ökutækið

- a) Ökutækið skal vera hlaðið sem samsvarar hámarks massa þess.
- b) Hjól ökutækisins skulu snúa beint fram.

3.8.2.3.4. Kröfur um í lið 3.8.2.3.2 gilda ekki ef ökutækið er útbúið með vegg eða skilrúmi.

3.8.2.3.5. Mæling á lengd farmrýmisins

- a) Ef ökutækið er ekki útbúið með skilrúmi eða vegg skal mæla lengdina frá lóðréttu plani sem snertir aftasta punkt efst á sætisbakinu aftur að innri fleti eða dyrum eða afturhlera í lokaðri stöðu.
- b) Ef ökutækið er útbúið með skilrúmi eða vegg skal mæla lengdina frá lóðréttu plani sem snertir aftasta punkt skilrúmsins eða veggjarins aftur að innri fleti eða dyrum eða afturhlera, eftir því sem við á, í lokaðri stöðu.
- c) Uppfylla skal kröfur varðandi lengd að lágmarki eftir láréttri línu í lóðréttu lengdarplani gegnum miðlínu ökutækisins, í sömu hæð og hleðslugólfíð.

3.8.3. Til viðbótar við almennu viðmiðanirnar sem um getur í liðum 3.2 til 3.6 skal uppfylla viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í liðum 3.8.3.1 til 3.8.3.4 að því er varðar flokkun ökutækja sem eru þannig að rýmið þar sem ökuaðurinn er og farmurinn eru í ekki einni einingu (þ.e. yfirbygging „BE“).

3.8.3.1. Ef ökutækið er með lokaða gerð yfirbyggingar gildir eftirfarandi:

- a) lestun farms skal vera möguleg um aftari dyr, afturhlera eða þil eða með öðrum hætti,
- b) lágmarkshæð lestunaropsins vera a.m.k. 800 mm og skal flatarmál opsins vera a.m.k. 12 800 cm²,
- c) lágmarkslengd farmrýmisins skal vera a.m.k. 40% af hjólhafinu.

3.8.3.2. Ef ökutækið er með opna gerð farmrýmis gilda aðeins ákvæðin sem um getur í a- og c-lið liðar 3.8.3.1.

3.8.3.3. Við beitingu ákvæðanna sem um getur í lið 3.8.3 skulu skilgreiningarnar í lið 3.8.2 gilda að breyttu breytanda.

3.8.3.4. Hins vegar skal uppfylla kröfur varðandi lengd farmrýmisins eftir láréttri línu í lengdarplani gegnum miðlínu ökutækisins, í sömu hæð og hleðslugólfíð.

4. Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í undirflokk torfærutækja

4.1. Ökutæki í flokkum M₁ eða N₁ skulu flokkuð í undirflokk torfærutækja ef þau uppfylla um leið eftirfarandi skilyrði:

- a) a.m.k. einn framás og a.m.k. einn afturás eru hannaðir til að vera drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn aflás,
- b) þau hafi a.m.k. einn lásbúnað fyrir mismunadrif eða búnað sem virkar á svipaðan hátt,
- c) þau geti farið upp a.m.k. 25% halla sem stakt ökutæki,
- d) þau uppfylli fimm af eftirfarandi sex kröfum:
 - i. flái að framan skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - ii. flái að aftan skal vera 20 gráður hið minnsta,

- iii. fríhorn skal vera 20 gráður hið minnsta,
 - iv. lágmarkshæð frá jörðu undir framás skal vera 180 mm hið minnsta,
 - v. lágmarkshæð frá jörðu undir afturás skal vera 180 mm hið minnsta,
 - vi. lágmarkshæð frá jörðu milli ásanna skal vera 200 mm hið minnsta.
- 4.2. Ökutæki í flokkum M_2 , N_2 eða M_3 með hámarks massa sem er ekki yfir 12 tonnum skulu flokkuð í undirflokk torfærutækja er þau uppfylla skilyrði a-liðar eða bæði skilyrði b- og c-liðar:
- a) allir ásar eru drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn eða fleiri aflása,
 - b) i. a.m.k. einn framás og a.m.k. einn afturás eru hannaðir til að vera drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn aflás,
 - ii. þau hafi a.m.k. einn lásbúnað fyrir mismunadrif eða búnað sem hefur sömu virkni,
 - iii. þau geti farið upp 25% halla sem stakt ökutæki,
 - c) þau uppfylli a.m.k. fimm af eftirfarandi sex kröfum ef hámarks massi þeirra er ekki yfir 7,5 tonnum og a.m.k. fjórum ef hámarks massi þeirra er yfir 7,5 tonnum:
 - i. flái að framan skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - ii. flái að aftan skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - iii. fríhorn skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - iv. lágmarkshæð frá jörðu undir framás skal vera 250 mm hið minnsta,
 - v. lágmarkshæð frá jörðu milli ása skal vera 300 mm hið minnsta,
 - vi. lágmarkshæð frá jörðu undir afturás skal vera 250 mm hið minnsta.
- 4.3. Ökutæki í flokkum M_3 eða N_3 með hámarks massa sem er yfir 12 tonnum skulu flokkuð í undirflokk torfærutækja er þau uppfylla skilyrði a-liðar eða bæði skilyrði b- og c-liðar:
- a) allir ásar eru drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn eða fleiri aflása,
 - b) i. a.m.k. helmingur ásanna (eða tveir ásar af þremur ef um er að ræða ökutæki með þrjú ása og að breyttu breytanda ef um er að ræða ökutæki með fimm ása) eru hannaðir til að vera drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn aflás,
 - ii. þau hafi a.m.k. einn lásbúnað fyrir mismunadrif eða búnað sem virkar á svipaðan hátt,
 - iii. þau geti farið upp 25% halla sem stakt ökutæki,
 - c) þau uppfylli a.m.k. fjórar af eftirfarandi sex kröfum:
 - i. flái að framan skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - ii. flái að aftan skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - iii. fríhorn skal vera 25 gráður hið minnsta,
 - iv. lágmarkshæð frá jörðu undir framás skal vera 250 mm hið minnsta,
 - v. lágmarkshæð frá jörðu milli ása skal vera 300 mm hið minnsta,
 - vi. lágmarkshæð frá jörðu undir afturás skal vera 250 mm hið minnsta.
- 4.4. Aðferðin við eftirlit með því hvort farið sé að rúmfræðilegu ákvæðunum sem um getur í þessum lið skal sett fram í l. viðbæti.

5. Ökutæki til sérstakra nota

	Heiti	Kóði	Skilgreining
5.1.	Húsbíll	SA	Ökutæki í flokki M með vistarverum með a.m.k. eftirtöldum búnaði: a) sætum og borði, b) svefnaðstöðu sem fæst með því að breyta sætum, c) eldunaraðstöðu, d) geymsluaðstöðu. Þessi búnaður skal vera tryggilega festur við vistarverurnar. Þó má borðið vera hannað á þann hátt að auðvelt sé að losa það.
5.2.	Brynvarið ökutæki	SB	Ökutæki sem ætlað er til verndar farþegum eða varningi í flutningum og með skothelda brynklæðningu.
5.3.	Sjúkrabifreið	SC	Ökutæki í flokki M, ætlað til flutnings sjúkra eða slasaðra og sérstaklega útbúið í þeim tilgangi. Rými fyrir sjúkling skal vera í samræmi við tæknilegar kröfur staðalsins EN 1789:2007 „Bifreiðar til heilbrigðisþjónustu og búnaður þeirra - Sjúkrabifreiðar“ að undanskildum lið 6.5 „Skrá yfir búnað“.
5.4.	Líkvað	SD	Ökutæki í flokki M, ætlað til líkflutninga og sérstaklega útbúið í þeim tilgangi.
5.5.	Ökutæki með hjólastólaaðgengi	SH	Ökutæki í flokki M1, smíðuð eða breytt sérstaklega svo þau rúmi einn eða fleiri einstaklinga í hjólastól þegar ekið er á vegi.
5.6.	Dregið hjólhýsi	SE	Ökutæki í flokki O eins skilgreint er í íðorði 3.2.1.3 í ISO-staðli 3833:1977.
5.7.	Færanlegur lyftikrani	SF	Ökutæki í flokki N3 sem er ekki ætlað til flutninga á vörum og er búið krana sem er með álagsvægið 400 kNm eða meira.
5.8.	Sérhópur	SG	Ökutæki til sérstakra nota sem fellur ekki undir skilgreiningarnar sem nefndar eru í þessum lið.
5.9.	Hjólaflæki	SJ	Ökutæki í flokki O sem búið er dráttarstól, sem ber festivagn í því skyni að breyta honum í eftirvagn.
5.10.	Eftirvagn fyrir þungaflytninga	SK	Ökutæki í flokki O4 sem ætlað er til flutninga á óskiptanlegum farmi sem sætir takmörkunum að því er varðar hraða og umferð vegna stærðar þess. Undir þetta falla einnig vökvaknúnir einingavagnar án tillits til fjölda eininga.

6. Athugasemdir

6.1. Gerðarviðurkenningu skal ekki veita:

- hjólaflækjum eins og skilgreindir eru í 5. lið A-hluta þessa viðauka,
- tengivögnum með ósveigjanlegt dráttarbeisli eins og skilgreindir eru í 4. lið C-hluta þessa viðauka,
- eftirvögnum sem geta flutt farþega þegar ekið er á vegi.

6.2. Liður 6.1 er með fyrirvara um ákvæði 23. gr. um landsbundna gerðarviðurkenningu lítilla framleiðsluráða.

B-HLUTI

Viðmiðanir fyrir gerðir ökutækja, afbrigði og útgáfur

1. Flokkur M1

1.1. Gerð ökutækis

1.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:

- a) heiti fyrirtækis framleiðandans,
 - b) hönnun og samsetningu nauðsynlegra hluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfberandi yfirbyggingu,
 - c) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.
- 1.1.2. Þrátt fyrir kröfurnar í b-lið liðar 1.1.1 má telja ökutæki tilheyra sömu gerð ef framleiðandinn notar gólfhluta yfirbyggingarinnar ásamt nauðsynlegum grundvallarhlutum, sem mynda fremri hluta yfirbyggingarinnar beint fyrir framan framrúðuna, við smíði á mismunandi tegundum yfirbygginga (t.d. ökutæki með fernum dyrum eða ökutæki með tvennum dyrum). Framleiðandinn skal leggja fram sönnun þess efnis.
- 1.1.3. Til gerðar skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útgáfa.
- 1.2. Afbrigði
- 1.2.1. Til „afbrigðis“ innan ökutækjagerðar skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi smíðaeiginleika:
- a) fjölda hliðardyra eða gerð yfirbyggingar eins og skilgreint er í 1. lið C-hluta þegar framleiðandinn notast við viðmiðunina í lið 1.1.2,
 - b) hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:
 - i. gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),
 - ii. vinnsluhátt (rafkveikja, þjöppukveikja eða annað),
 - iii. fjölda og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L4, V6 eða annað),
 - c) fjölda ása,
 - d) fjölda og samtengingu aflása,
 - e) fjölda stýriása,
 - f) smíðaþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið).
- 1.3. Útgáfa
- 1.3.1. Til „útgáfu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:
- a) tæknilega leyfilegan hámarkshleðslumassa,
 - b) slagrymi hreyfils ef um er að ræða brunahreyfil,
 - c) hámarkshreyfilafköst eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfill),
 - d) tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúíð tveimur tegundum eldsneytis eða annað),
 - e) hámarksfjöldi sæta,
 - f) hljóðstig á ferð,
 - g) magn losunar með útblæstri (t.d. Euro 5, Euro 6 eða annað),
 - h) veginn eða blandaður akstur, losun koltvísýrings við blandaðan akstur,
 - i) raforkunotkun (vegin, blandaður akstur),
 - j) veginn eða blandaður akstur, eldsneytisnotkun við blandaðan akstur,
 - k) sérstaka nýsköpunartækni, eins og tilgreint er í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

2. Flokkar M₂ og M₃

2.1. Gerð ökutækis

2.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:

a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,

b) flokk,

c) eftirfarandi þætti í smíði og hönnun:

i. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta sem mynda undirvagninn,

ii. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfberandi yfirbyggingu,

d) fjölda hæða (ein eða tvær),

e) fjölda eininga (ekki liðskipt/liðskipt),

f) fjölda ása,

g) aðferð við afhendingu orku (í ökutæki/utan ökutækis),

h) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.

2.1.2. Til gerðar skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útgáfa.

2.2. Afbrigði

2.2.1. Til „afbrigðis“ innan ökutækjagerðar skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi smíðaeiginleika:

a) gerð yfirbyggingar eins og skilgreint er í 2. lið C-hluta,

b) undirflokk eða samsetningu undirflokka ökutækja eins og skilgreint er í lið 2.1.1 í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB (aðeins ef um er að ræða fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum),

c) smíðaþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),

d) hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:

i. gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),

ii. vinnsluhátt (rafkveikja, þjöppukveikja eða annað),

iii. fjölda og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L6, V8 eða annað).

2.3. Útgáfa

2.3.1. Til „útgáfu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:

a) tæknilega leyfilegan hámarkshleðslumassa,

b) hvort ökutækið geti dregið eftirvagn eða ekki,

c) slagrymi hreyfils ef um er að ræða brunahreyfil,

d) hámarkshreyfilafköst eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfill),

e) tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúið tveimur tegundum eldsneytis eða annað),

f) hljóðstig á ferð,

g) magn losunar með útblæstri (t.d. Euro IV, Euro V eða annað).

3. Flokkur N1

3.1. Gerð ökutækis

3.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:

a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,

- b) hönnun og samsetningu nauðsynlegra hluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfberandi yfirbyggingu,
 - c) hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta undirvagns ef um er að ræða yfirbyggingu sem er ekki sjálfberandi,
 - d) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.
- 3.1.2. Þrátt fyrir kröfurnar í b-lið liðar 3.1.1 má telja ökutæki tilheyra sömu gerð ef framleiðandinn notar gólfhluta yfirbyggingarinnar ásamt nauðsynlegum grundvallarhlutum, sem mynda fremri hluta yfirbyggingarinnar beint fyrir framan framrúðuna, við smíði á mismunandi tegundum yfirbygginga (t.d. sendibífið eða undirvagn með styrishúsi, mismunandi hjólhaf og mismunandi þakhæð). Framleiðandinn skal leggja fram sönnun þess efnis.
- 3.1.3. Til gerðar skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útgáfa.
- 3.2. Afbrigði
- 3.2.1. Til „afbrigðis“ innan ökutækjagerðar skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi smíðaeiginleika:
- a) fjölda hliðardýra eða gerð yfirbyggingar eins og skilgreint er í 3. lið C-hluta (að því er varðar fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum) þegar framleiðandinn notast við viðmiðunina í lið 3.1.2,
 - b) smíðaþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),
 - c) hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:
 - i. gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),
 - ii. vinnsluhátt (rafkveikja, þjökkveikja eða annað),
 - iii. fjölda og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L6, V8 eða annað),
 - d) fjölda ása,
 - e) fjölda og samtengingu aflása,
 - f) fjölda stýriása.
- 3.3. Útgáfa
- 3.3.1. Til „útgáfu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:
- a) tæknilega leyfilegan hámarkshleðslumassa,
 - b) slagrymi hreyfils ef um er að ræða brunahreyfil,
 - c) hámarkshreyfilafköst eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfill),
 - d) tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúið tveimur tegundum eldsneytis eða annað),
 - e) hámarksfjölda sæta,
 - f) hljóðstig á ferð,
 - g) magn losunar með útblæstri (t.d. Euro 5, Euro 6 eða annað),
 - h) veginn eða blandaður akstur, losun koltvísýrings við blandaðan akstur,
 - i) raforkunotkun (vegin, blandaður akstur),
 - j) veginn eða blandaður akstur, eldsneytisnotkun við blandaðan akstur.
4. **Flokkar N2 og N3**
- 4.1. Gerð ökutækis
- 4.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi grundvallareiginleika:
- a) heiti fyrirtækis framleiðandans.
Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,
 - b) flokk,
 - c) hönnun og smíði undirvagns sem er sameiginleg í tiltekinni vörulínu,
 - d) fjölda ása,
 - e) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.
- 4.1.2. Til gerðar skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útgáfa.

- 4.2. Afbrigði
- 4.2.1. Til „afbrigðis“ innan ökutækjagerðar skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi smíðaeiginleika:
- yfirbyggingu eða tegund yfirbyggingar eins og um getur í 3. lið C-hluta (aðeins að því er varðar fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum),
 - smíðaðrep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),
 - hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:
 - gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),
 - vinnsluhátt (rafkveikja, þjöppukveikja eða annað),
 - fjöldi og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L6, V8 eða annað),
 - fjöldi og samtengingu aflása,
 - fjöldi stýriása.
- 4.3. Útgáfa
- 4.3.1. Til „útgáfu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:
- tæknilega leyfilegan hámarkshleðslumassa,
 - hvort það geti dregið eftirfarandi eftirvagna:
 - eftirvagn án hemla,
 - eftirvagn með ýtihemla (eða ágangshemla) eins og skilgreint er í lið 2.12 í reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 13,
 - eftirvagn með samtengt eða hálf-samtengt hemlakerfi eins og skilgreint er í liðum 2.9 og 2.10 í reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 13,
 - eftirvagn í flokki O₄ sem veldur því ekki að hámarkshleðslumassi vagnalestarinnar fari yfir 44 tonn,
 - eftirvagn í flokki O₄ sem veldur því að hámarkshleðslumassi vagnalestarinnar fari yfir 44 tonn,
 - slagrymi hreyfils,
 - hámarkshreyfilafköst,
 - tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúid tveimur tegundum eldsneytis eða annað),
 - hljóðstig á ferð,
 - magn losunar með útblæstri (t.d. Euro IV, Euro V eða annað).
5. **Flokkar O₁ og O₂**
- 5.1. Gerð ökutækis
- 5.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:
- heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,
 - flokk,
 - gerð eins og skilgreint er í 4. lið C-hluta,

- d) eftirfarandi þætti í smíði og hönnun:
 - i. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta sem mynda undirvagninn,
 - ii. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfberandi yfirbyggingu,
 - e) fjölda ása,
 - f) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.
- 5.1.2. Til gerðar skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útgáfa.
- 5.2. Afbrigði
- 5.2.1. Til „afbrigðis“ innan ökutækjagerðar skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi smíðaeiginleika:
- a) tegund yfirbyggingar eins og um getur í 2. viðbæti (að því er varðar fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum),
 - b) smíðaþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),
 - c) gerð hemlakerfis (t.d. án hemla/ýtihemlun/aflhemlun).
- 5.3. Útgáfa
- 5.3.1. Til „útgáfu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:
- a) tæknilega leyfilegan hámarkshleðslumassa,
 - b) gerð fjöðrunar (loft, stál- eða gúmmífjöðrun, vindustöng eða annað),
 - c) gerð dráttarbeislis (þríhyrningur, stöng eða annað).
6. **Flokkar O₃ og O₄**
- 6.1. Gerð ökutækis
- 6.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:
- a) heiti fyrirtækis framleiðandans.
- Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,
- b) flokk,
 - c) gerð eftirvagns með tilliti til skilgreininganna í 4. lið C-hluta,
 - d) eftirfarandi þætti í smíði og hönnun:
 - i. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta sem mynda undirvagninn,
 - ii. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða eftirvagna með sjálfberandi yfirbyggingu,
 - e) fjölda ása,
 - f) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.
- 6.1.2. Til gerðar skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útgáfa.
- 6.2. Afbrigði
- 6.2.1. Til „afbrigðis“ innan ökutækjagerðar skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi smíðaeiginleika og hönnunareinkenni:
- a) tegund yfirbyggingar eins og um getur í 2. viðbæti (að því er varðar fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum),
 - b) smíðaþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),
 - c) gerð fjöðrunar (stál, loft eða vökva fjöðrun),
 - d) eftirfarandi tæknilega eiginleika:
 - i. hvort hægt sé að lengja undirvagninn eða ekki,
 - ii. hæð gólfsins (venjuleg, fyrir lágan farm, o.s.frv.).

- 6.3. Útgáfur
- 6.3.1. Til „útgáfu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:
- tæknilega leyfilegan hámarkshleðslumassa,
 - niðurskiptingar eða samsetningar niðurskiptinga sem um getur í liðum 3.2 og 3.3 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB sem ásbil flokkast undir að því er varðar bil milli tveggja samliggjandi ása í ásaþóp,
 - skilgreiningu ása að því er varðar:
 - lyftiása (fjöldi og staðsetning),
 - ása með hleðslufærslu (fjöldi og staðsetning),
 - stýriása (fjöldi og staðsetning).
7. **Sameiginlegar kröfur fyrir alla flokka ökutækja**
- 7.1. Ef ökutæki fellur í nokkra flokka vegna hámarksmissa þess eða sætafjölda eða hvors tveggja getur framleiðandinn kosið að nota viðmiðanir annars hvors ökutækjaflokksins vegna skilgreiningar á afbrigðum og útgáfum.
- 7.1.1. Dæmi:
- Ökutæki „A“ getur hlotið gerðarviðurkenningu sem N_1 (3,5 tonn) og N_2 (4,2 tonn) með tilliti til hámarksmissa þess. Í því tilviki má nota mælipættina sem um getur í flokki N_1 fyrir ökutækið sem fellur undir flokk N_2 (eða öfugt).
 - Ökutæki „B“ getur hlotið gerðarviðurkenningu sem M_1 og M_2 með tilliti til fjölda sæta (7 + 1 eða 10 + 1) og þá má nota mælipættina sem um getur í flokki M_1 fyrir ökutækið sem fellur undir flokk M_2 (eða öfugt).
- 7.2. Ökutæki í flokki N getur hlotið gerðarviðurkenningu samkvæmt ákvæðunum fyrir flokk M_1 eða M_2 eftir því sem við á, ef ætlunin er að breyta því í ökutæki í þeim flokki í næsta þrepi í fjölþrepa gerðarviðurkenningarferli.
- 7.2.1. Þessi valkostur er aðeins leyfður fyrir ófullbúin ökutæki.
- Slík ökutæki skulu auðkennd með tilteknum afbrigðiskóða sem gefinn er af framleiðanda grunnökutækisins.
- 7.3. Heiti gerða, afbrigða og útgáfa
- 7.3.1. Framleiðandinn skal úthluta hverri gerð, afbrigði og útgáfu ökutækis alstafakóða, sem samanstendur af rómverskum stöfum og/eða arabískum tölustöfum.
- Heimilt er að nota sviga og bandstrik ef þau koma ekki í staðinn fyrir bókstaf eða tölustaf.
- 7.3.2. Heildarkóðinn skal tilgreina eftirfarandi: gerð-afbrigði-útgáfu (e. Type-Variant-Version, TVV).
- 7.3.3. TVV-kóðinn skal með skýrum og ótvíræðum hætti auðkenna einstaka samsetningu tæknilegra eiginleika með tilliti til viðmiðana sem skilgreindar eru í B-hluta þessa viðauka.
- 7.3.4. Framleiðandi má nota sama kóðann til að auðkenna gerð ökutækis þegar það fellur undir tvo eða fleiri flokka.
- 7.3.5. Framleiðandi má ekki nota sama kóðann til að auðkenna gerð ökutækis fyrir fleiri en eina gerðarviðurkenningu innan sama flokks ökutækja.
- 7.4. Fjöldi rittákna í TVV-kóða
- 7.4.1. Fjöldi rittákna skal ekki vera fleiri en:
- 15 fyrir kóða ökutækjagerðarinnar,
 - 25 fyrir kóða hvers afbrigðis,
 - 35 fyrir kóða hvernar útgáfu.
- 7.4.2. Í heild skal alstafakóðinn ekki vera með fleiri en 75 rittákn.
- 7.4.3. Ef TVV-kóðinn er notaður í heild sinni skal vera bil á milli gerðar, afbrigðis og útgáfu.

Dæmi um TVV-kóða: 159AF(...bil)0054(...bil)977K(BE).

C-HLUTI

Skilgreiningar á gerðum yfirbygginga

0. **Almenn atriði**
- 0.1. Gerð yfirbyggingar sem um getur í 9. lið I. viðauka og 1. hluta III. viðauka ásamt kóða yfirbyggingar sem um getur í 38. lið IX. viðauka skal tilgreina með kóðum.
- Skráin með kóðum gildir aðallega um fullgerð ökutæki og ökutæki sem eru fullgerð í áföngum.
- 0.2. Að því er varðar ökutæki í flokki M skal gerð yfirbyggingar tilgreind með tveimur bókstöfum eins og tilgreint er í liðum 1 og 2.
- 0.3. Að því er varðar ökutæki í flokkum N og O skal gerð yfirbyggingar tilgreind með tveimur bókstöfum eins og um getur í liðum 3 og 4.
- 0.4. Ef nauðsyn krefur (einkum fyrir gerðir yfirbyggingar sem um getur liðum 3.1 og 3.6 annars vegar og liðum 4.1 til 4.4 hins vegar) skal bæta við tveimur tölustöfum.
- 0.4.1. Mælt er fyrir um skrána með tölustöfum í 2. viðbæti við þennan viðauka.
- 0.5. Að því er varðar ökutæki til sérstakra nota skal gerð yfirbyggingar sem á að nota tengjast flokki ökutækisins.

1. Ökutæki sem tilheyra flokki M₁

Tilvisun	Kóði	Heiti	Skilgreining
1.1.	AA	Stallbakur	Ökutæki eins og skilgreint er í iðorði 3.1.1.1 í ISO-staðli 3833:1977, með a.m.k. fjórum hliðargluggum.
1.2.	AB	Hlaðbakur	Stallbakur samkvæmt skilgreiningu í 1.1 með lúgu að aftan.
1.3.	AC	Skutbifreið	Ökutæki eins og skilgreint er í iðorði 3.1.1.4 í ISO-staðli 3833:1977.
1.4.	AD	Ökutæki með tvennum dyrum (e. coupé)	Ökutæki eins og skilgreint er í iðorði 3.1.1.5 í ISO-staðli 3833:1977.
1.5.	AE	Blæjubifreið	Ökutæki eins og skilgreint er í iðorði 3.1.1.6 í ISO-staðli 3833:1977. Þó má blæjubifreið vera án dýra.
1.6.	AF	Fjölnota ökutæki	Ökutæki, önnur en AG og þau sem um getur í AA–AE, ætluð til flutninga á farþegum og farangri þeirra eða einstaka sinnum vörum, í einu rými.
1.7.	AG	Skutbifreið með pall	Ökutæki eins og skilgreint er í iðorði 3.1.1.4.1 í ISO-staðli 3833:1977. Þó skal farangursrýmið vera alveg aðskilið frá farþegaryminu. Að auki þarf viðmiðunarpunktur ökumannssætisins ekki að vera a.m.k. 750 mm yfir undirlaginu sem ökutækið stendur á.

2. Ökutæki sem tilheyra flokkum M₂ eða M₃

Tilvisun	Kóði	Heiti	Skilgreining
2.1.	CA	Einnar hæðar ökutæki	Ökutæki þar sem farþegarymið er á einni hæð eða þannig komið fyrir að það sé ekki á tveimur hæðum þar sem önnur er yfir hinni.
2.2.	CB	Tveggja hæða ökutæki	Ökutæki eins og skilgreint er lið 2.1.6 í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB.
2.3.	CC	Einnar hæðar liðskipt ökutæki	Ökutæki eins og skilgreint er lið 2.1.3 í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB með eina hæð.
2.4.	CD	Tveggja hæða liðskipt ökutæki	Ökutæki eins og skilgreint er lið 2.1.3.1 í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB.

Tilvísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
2.5.	CE	Einnar hæðar laggólfsökutæki	Ökutæki eins og skilgreint er lið 2.1.4 í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB með eina hæð.
2.6.	CF	Tveggja hæða laggólfsökutæki	Ökutæki eins og skilgreint er lið 2.1.4 í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB með tvær hæðir.
2.7.	CG	Liðskipt einnar hæðar laggólfsökutæki	Ökutæki sem sameinar tæknilegu eiginleikana í liðum 2.3 og 2.5.
2.8.	CH	Liðskipt tveggja hæða laggólfsökutæki	Ökutæki sem sameinar tæknilegu eiginleikana í liðum 2.4 og 2.6.
2.9.	CI	Einnar hæðar ökutæki, opið að ofan	Ökutæki sem er með þak að hluta til eða án þaks.
2.10.	CJ	Tveggja hæða ökutæki, opið að ofan	Ökutæki þar sem efri hæðin er með þak að hluta til eða án þaks.
2.11.	CX	Undirvagn strætisvagns	Ófullbúið ökutæki sem er eingöngu með grind með bitum eða rörum, aflrás, ása, sem fyrirhugað er að verði fullgert með yfirbyggingu, sem er sérsmíðuð fyrir þarfir flutningsaðilans.

3. Vélknúin ökutæki í flokkum N1, N2 eða N3

Tilvísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
3.1.	BA	Vöruflutningabifreið	Ökutæki sem er hannað og smíðað eingöngu eða aðallega til að flytja vörur. Einnig getur það dregið eftirvagn.
3.2.	BB	Sendibifreið	Vöruflutningabifreið þar sem rýmið þar sem ökumaðurinn er og farmrýmið eru í einni einingu.
3.3.	BC	Dráttareining fyrir festivagna	Dráttarbifreið sem er hönnuð og smíðuð eingöngu eða aðallega til að draga festivagna.
3.4.	BD	Dráttarbifreið	Dráttarbifreið sem er hönnuð og smíðuð eingöngu til að draga eftirvagna aðra en festivagna.
3.5.	BE	Pallbíll	Ökutæki með hámarks massa sem er ekki yfir 3500 kg, þar sem sætin og farmrýmið eru ekki í einu rými.
3.6.	BX	Undirvagn með stýrishúsi eða undirvagn með vélarhlíf	Ófullbúið ökutæki sem er eingöngu með stýrishúsi (fullbúið eða að hluta til), grind, aflrás, ása, sem fyrirhugað er að verði fullgert með yfirbyggingu, sem er sérsmíðuð fyrir þarfir flutningsaðilans.

4. Ökutæki í flokki O

Tilvísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
4.1.	DA	Festivagn	Eftirvagn sem er hannaður og smíaður til þess að tengjast dráttareiningu eða hjólafléka þannig að verulegt lóðrétt álag sé á dráttarbifreiðinni eða hjólaflékanum. Tengið sem notað er fyrir samtengdu ökutækin skal samanstanda af tengipinna og dráttarstól.
4.2.	DB	Tengivagn	Eftirvagn með a.m.k. tveimur ásum, þar af a.m.k. einn stýranlegur: a) búinn dráttarbúnaði sem hreyfa má lóðrétt (miðað við eftirvagninn) og b) sem flytur minna en 100 daN sem lóðrétt stöðuálag yfir á dráttarbifreiðina.

Tilvísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
4.3.	DC	Eftirvagn með miðlægum ási	Tengivagn þar sem ási eða ásum er komið fyrir nálægt þyngdarmiðju ökutækisins (með jafna hleðslu) þannig að aðeins lítið lóðrétt álag, ekki yfir 10% af hámarks massa eftirvagns, þó mest 1000 daN (hvort sem er minna), færir yfir á dráttarþreidina.
4.4.	DE	Tengivagn með ósveigjanlegt dráttarþreisli	Tengivagn með einn ás eða ásaþóp sem er búinn dráttarþreisli, sem vegna hönnunar þess færir stöðuálag sem er ekki meira en 4000 daN yfir á dráttarþreidina, og sem fellur ekki undir skilgreininguna á eftirvagni með miðlægum ási. Tengid sem notað er fyrir samtengdu ökutækin skal ekki samanstanda af tengipinna og dráttarstól.

*I. viðbætur***Aðferð við athugun á því hvort hægt sé að flokka ökutæki sem torfærutæki****0. Almenn atriði**

- 0.1. Að því er varðar flokkun ökutækis sem torfærutækis skal beita aðferðinni sem lýst er í þessum viðbæti.

1. Prófunarskilyrði fyrir rúmfræðilegar mælingar

- 1.1. Ökutæki sem tilheyra flokkum M_1 eða N_1 skulu vera óhlaðin með mannlíkan sem samsvarar 50. hundraðshlutamarki karla í öikumannssæti og vera með kælivökva, smurólíu, eldsneyti og varahjól (ef það er sett í sem upprunalegur búnaður).

Í stað mannlíkansins má nota sambærilegan búnað með sama massa.

- 1.2. Ökutæki önnur en þau sem um getur í lið 1.1 skulu hlaðin að tæknilega leyfilegum hámarks massa með hleðslu.

Dreifing massans á ásana skal vera sem samsvarar verstu hugsanlegu tilvikum að því er varðar samræmi við viðkomandi viðmiðanir.

- 1.3. Láta skal tækniþjónustuna fá dæmigert ökutæki fyrir gerðina sem á að viðurkenna, í því ástandi sem tilgreint er í lið 1.1 eða 1.2. Ökutækið skal vera í kyrrstöðu og hjól þess skulu snúa beint fram.

Yfirborðið þar sem mælingin fer fram skal vera eins flatt og lárétt og hægt er (með hámark 0,5% halla).

2. Mæling á fláa að framan og aftan og á frihorni

- 2.1. Flái að framan skal mældur í samræmi við lið 6.10 í ISO-staðli 612:1978.

- 2.2. Flái að aftan skal mældur í samræmi við lið 6.11 í ISO-staðli 612:1978.

- 2.3. Frihorn skal mælt í samræmi við lið 6.9 í ISO-staðli 612:1978.

- 2.4. Við mælingar á fláa að aftan skal stilla undirakstursvörn að aftan, sem er með stillanlega hæð, í efri stöðuna.


- 2.5. Ekki skal litið svo á að fyrirmælin í lið 2.4 feli í sér skyldu að grunnökutækið sé með undirakstursvörn að aftan sem upprunalegan búnað. Hins vegar skal framleiðandi grunnökutækisins tilkynna framleiðanda á næsta stigi um að ökutækið verði að vera í samræmi við kröfur um fláa að aftan ef það er búíð undirakstursvörn að aftan.

3. Mæling á lágmarkshæð frá jörð


- 3.1. Lágmarkshæð frá jörð milli ása

- 3.1.1. „Lágmarkshæð frá jörð milli ása“: stysta fjarlægð milli jarðflatar og lægsta fasta punkts ökutækisins.

Við beitingu á skilgreiningunni skal miða við fjarlægð á milli aftasta áss fremri áshóps og fremsta áss aftari áshóps.



- 3.1.2. Enginn ósveigjanlegur hluti ökutækisins skal skaga út á skyggða svæðið á myndinni.
- 3.2. Lágmarkshæð frá jörð undir einum ás
- 3.2.1. „Lágmarkshæð frá jörð undir einum ás“: fjarlægð fyrir neðan hæsta punkt í boga hrings sem liggur gegnum miðju gripflatar hjólanna á einum ás (innri hjóla séu þau tvö) og snertir lægsta, fasta punkt ökutækisins á milli hjólanna.



- 3.2.2. Þar sem það á við skal mæla lágmarkshæð frá jörð fyrir hvern ás í ásahópi.
4. **Klifurgeta**
- 4.1. „Klifurgeta“ er geta ökutækis til að fara upp halla.
- 4.2. Klifurgeta ófullbúinna og fullbúinna ökutækja í flokkum M2, M3, N2 og N3 skal athuguð með prófun.
- 4.3. Tækniþjónustan skal framkvæma prófunina á ökutæki sem er dæmigert fyrir þá gerð sem á að prófa.
- 4.4. Ef framleiðandinn óskar eftir því er heimilt, samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í XVI. viðauka, að sýna fram á klifurgetu ökutækjagerðar með sýndarprófun.
5. **Prófunarskilyrði og viðmiðanir fyrir staðist/ekki staðist**
- 5.1. Skilyrðin sem sett eru fram í lið 7.5 í I. viðauka við tilskipun 97/27/EB skulu gilda til 31. október 2014.
- Frá og með 1. nóvember 2014 gilda prófunarskilyrðin sem samþykkt eru með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 (1) í samræmi við 14. gr. þeirrar reglugerðar.
- 5.2. Ökutæki skal fara upp hallann með jöfnum hraða án þess að neitt hjól renni til hliðar eða spóli.

(¹) Stjórnartíðindi ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1.

2. viðbætur

Tölustafir sem bætt er við kóðana sem notaðir eru fyrir mismunandi tegundir yfirbygginga

- 01 Flatur pallur
 - 02 Skúffa
 - 03 Kassi
 - 04 Loftkæld yfirbygging með einangruðum veggjum og búnaði til að viðhalda hitastigi innra rýmis
 - 05 Loftkæld yfirbygging með einangruðum veggjum án búnaðar til að viðhalda hitastigi innra rýmis
 - 06 Með hliðartjöldum
 - 07 Með skiptanlega yfirbyggingu
 - 08 Fyrir gámaflutninga
 - 09 Ökutæki með krókheysi
 - 10 Sturtubíll
 - 11 Tankur
 - 12 Tankur ætlaður til flutninga á hættulegum farmi
 - 13 Ökutæki til flutninga á búfænaði
 - 14 Ökutæki til flutninga á ökutækjum
 - 15 Steypubíll
 - 16 Steypudæla
 - 17 Timburflutningar
 - 18 Sorpbíll
 - 19 Götusópur, gatna- og holræsahreinsun
 - 20 Loftdæla
 - 21 Ökutæki til flutninga á bátum
 - 22 Ökutæki til flutninga á svifflugum
 - 23 Ökutæki fyrir smásölu- eða sýningastarfsemi
 - 24 Björgunarbíll
 - 25 Stigabíll
 - 26 Kranabíll (annar en færanlegur lyftikrani eins og skilgreint er í 5. lið A-hluta II. viðauka)
 - 27 Körubíll
 - 28 Borkrani
 - 29 Eftirvagn með lágu gólfi
 - 30 Glerflutningabíll
 - 31 Dælubifreið
 - 99 Yfirbygging sem er ekki talin í þessari skrá“
-

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrirsagnar IV. viðauka komi „**KRÖFUR VEGNA EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR ÖKUTÆKJA**“.
- 2) Í stað 43. liðar I. hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„43	Hjól- og aurlífabúnaður	Tilskipun 91/226/EEB	Stjtið. EB L 103, 23.4.1991, bls. 5.				x	x	x	x	x	x	x	x
-----	-------------------------	----------------------	--------------------------------------	--	--	--	---	---	---	---	---	---	---	---

- 3) Í stað fyrirsagnar viðbætur við IV. viðauka komi „**Kröfur fyrir EB-gerðarviðurkenningu ökutækja í flokki M1 sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum, skv. 22. gr.**“.

III. VIÐAUKI

Ákvæðum IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað textans í lið 31 í „Síða 2 - Ökutækjaflokkur N2 (fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum)“ á fyrirmyndinni að samræmisvottorðinu komi eftirfarandi texti:
„31. Staðsetning lyftiáss/-ása: ...“
- 2) Í stað textans í lið 31 í „Síða 2 - Ökutækjaflokkur N3 (fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum)“ á fyrirmyndinni að samræmisvottorðinu komi eftirfarandi texti:
„31. Staðsetning lyftiáss/-ása: ...“
- 3) Í stað textans í lið 31 í „Síða 2 - Ökutækjaflokkur O1 og O2 (fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum)“ á fyrirmyndinni að samræmisvottorðinu komi eftirfarandi texti:
„31. Staðsetning lyftiáss/-ása: ...“
- 4) Í stað textans í lið 31 í „Síða 2 - Ökutækjaflokkur O3 og O4 (fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum)“ á fyrirmyndinni að samræmisvottorðinu komi eftirfarandi texti:
„31. Staðsetning lyftiáss/-ása: ...“
- 5) Í stað textans í lið 31 í „Síða 2 - Ökutækjaflokkur N2 (ófullbúin ökutæki)“ á fyrirmyndinni að samræmisvottorðinu komi eftirfarandi texti:
„31. Staðsetning lyftiáss/-ása: ...“
- 6) Í stað textans í lið 31 í „Síða 2 - Ökutækjaflokkur N3 (ófullbúin ökutæki)“ á fyrirmyndinni að samræmisvottorðinu komi eftirfarandi texti:
„31. Staðsetning lyftiáss/-ása: ...“
- 7) Í stað textans í lið 31 í „Síða 2 - Ökutækjaflokkur O1 og O2 (ófullbúin ökutæki)“ á fyrirmyndinni að samræmisvottorðinu komi eftirfarandi texti:
„31. Staðsetning lyftiáss/-ása: ...“
- 8) Í stað textans í lið 31 í „Síða 2 - Ökutækjaflokkur O3 og O4 (ófullbúin ökutæki)“ á fyrirmyndinni að samræmisvottorðinu komi eftirfarandi texti:
„31. Staðsetning lyftiáss/-ása: ...“
- 9) Textanum í skýringum varðandi IX. viðauka er breytt sem hér segir:
 - a) Síðasti málsliður skýringar a) falli brott.
 - b) Eftirfarandi málsliður bætist við skýringu e):
„Að því er varðar eftirvagn með miðlægum ási með stakan ás skal tilgreina lóðréttar fjarlægð milli lóðréttrar áslínu tengisins og miðju ássins.“

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum XI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 43. liðar 2. viðbættis við XI. viðauka komi eftirfarandi:

„43	Hjól- og aurlífabúnaður	Tilskipun 91/226/EBE				x	x	x	x	x	x	x ^{cc}
-----	-------------------------	-------------------------	--	--	--	---	---	---	---	---	---	-----------------

- 2) Í stað 43. liðar 4. viðbættis við XI. viðauka komi eftirfarandi:

„43	Hjól- og aurlífabúnaður	Tilskipun 91/226/EBE			x	x	x	x	x	x	x	x ^{cc}
-----	-------------------------	-------------------------	--	--	---	---	---	---	---	---	---	-----------------

- 3) Eftirfarandi 6. viðbæti er skotið inn á eftir 5. viðbæti og á undan „Merking bókstafa“:

„6. viðbætur

Eftirvagnar fyrir þungaflutninga

Atriði	Viðfangsefni	Tilvisun í stjórnsýslufyrirmæli	Eftirvagn í flokki O ₄
3	Eldsneytisgeymar/undirakstursvörn að aftan	Tilskipun 70/221/EBE	X
4	Flötur fyrir skráningarkerki að aftan	Tilskipun 70/222/EBE	X
5	Stýriskraftur	Tilskipun 70/311/EBE	X
9	Hemlun	Tilskipun 71/320/EBE	X
10	Rafsegultruflanir (rafsegulviðssamhæfi)	Tilskipun 72/245/EBE	X
18	Lögboðnar merkiplötur	Tilskipun 76/114/EBE	X
20	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar	Tilskipun 76/756/EBE	A + N
21	Glitaugu	Tilskipun 76/757/EBE	X
22	Breiddarljós, stöðuhliðarljósaker að framan og aftan, hemlaljósaker, hliðarljósaker, ljósaker fyrir dagljósabúnað	Tilskipun 76/758/EBE	X
23	Stefnuljós	Tilskipun 76/759/EBE	X
24	Ljósaker við skráningarkerki að aftan	Tilskipun 76/760/EBE	X
28	Þokuljós að aftan	Tilskipun 77/538/EBE	X
29	Bakkljósaker	Tilskipun 77/539/EBE	X
36	Hítakerfi	Tilskipun 2001/56/EB	Á ekki við
42	Hliðarvörn	Tilskipun 89/297/EBE	A
43	Hjól- og aurlífabúnaður	Tilskipun 91/226/EBE	A

Atriði	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnslufyrirmæli	Eftirvagn í flokki O ₄
46	Hjólbarðar	Tilskipun 92/23/EBE	I
48	Massar og mál	Tilskipun 97/27/EB	X
50	Tengingar	Tilskipun 94/20/EB	X
63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009	P/A ⁴

4) „Merking bókstafa“ er breytt sem hér segir:

a) í stað L-liðar komi eftirfarandi texti:

„L: Notkun á eingöngu við um sæti sem ætluð eru fyrir eðlilega notkun þegar ökutækinu er ekið á vegi. Að lágmarki er krafist festinga fyrir mjaðmabelti í aftursætum. Sæti sem ekki eru ætluð til notkunar þegar ökutækinu er ekið á vegi skulu auðkennd með skýrum hætti fyrir notendur, með táknmynd eða merki með viðeigandi texta.“

b) Eftirfarandi liður bætist við aftan við lið N/A:

„P/A: Þessi stjórnslufyrirmæli gilda að hluta til. Nákvæmt gildissvið er ákvarðað með framkvæmdar-ráðstöfunum reglugerðar (EB) nr. 661/2009.“

c) Eftirfarandi liður bætist við aftan við H-lið:

„I: Hjólbarðar skulu gerðarviðurkenndir samkvæmt kröfum reglugerðar efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 54 jafnvel þótt hámarkshönnunarhraði ökutækisins sé undir 80 km/klst.

Burðargetuna má leiðrétta með tilliti til hámarkshönnunarhraða eftirvagnsins í samráði við hjólbarða-framleiðandann.“